



Útvíkkun hafnarsvæðis í aðalskipulagi

Í hafnarstjórn hefur um nokkurt skeið farið fram umræða þess efnis að skynsamlegt væri að útvíkka það svæði sem heyrir undir hafnarstjórn, er þar horft til þess svæðis sem færa má rök fyrir að teljist til svokallaðrar hafsækinnar starfsemi og sé því nátengd starfsemi sem á sér stað á hafnarbakka.

Eins og staðan er nú þá eru mörk hafnarsvæðis skilgreind eins og sjá má á myndum hér að neðan, áhrifasvæði hafnarstjórnar er í bláum lit.






Ólafsfjörður - Skjámynd tekin: 01.06.2021 [þéttbýlisuppráttur Ólafsfjörður](#)

Þegar horft er á myndir hér að ofan þá er ljóst að hafnarsvæðið, þ.e. það svæði sem hafnarstjórn hefur með að segja eru bryggjur en ekki aðliggjandi svæði hvar rekin er hafnsækin starfsemi. Færa má rök fyrir því að skynsamlegt sé að færa þau svæði sem teljast áhrifasvæði hafnar yfir til hafnarstjórnar í þeim skilningi að hafnarstjórn hafi annarsvegar klára umsagnarheimild um mál er varðar skipulag og þróun svæðisins og hinsvegar að hafnarstjórn fá hlutverk hvað varðar að viðhalda umsvifum á umræddum svæðum.

Hér að neðan má sjá (gróf) möguleg ný mörk skilgreinds hafnarsvæðis, nánari útfærsla þarf að fara fram með samtali hafnarstjórnar og skipulags og umhverfisnefndar.



f.h. hafnarstjórnar
Tómas Atli Einarsson
formaður